

Afkoma Skipta hf. á fyrri hluta árs 2008

- Tekjur aukast um 21% frá sama tímabili árið áður

- Salan jókst um 3,3 milljarða króna á milli ára eða um 21%. Sala nam 18,8 milljörðum króna samanborið við 15,5 milljarða árið áður.
- Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði (EBITDA) nam 4,1 milljarði króna samanborið við 4,3 milljarða fyrir sama tímabil 2007. EBITDA hlutfallið var 21,3%.
- Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta nam 7,9 milljörðum króna samanborið við 4,3 milljarða á sama tímabili árið áður. Eftir vexti og skatta nam handbært fé frá rekstri 7,1 milljarði króna.
- Tap Skipta á öðrum ársfjórðungi nam 383 milljónum króna. Tap á fyrri hluta árs nam 4,0 milljörðum króna sem skýrist einkum af gengisþróun íslensku krónunnar á tímabilinu.
- Fjármagnsgjöld voru 7,0 milljarðar króna en þar af nam gengistap 3,9 milljörðum króna.
- 29% af tekjum samstæðunnar koma af erlendri starfsemi félagsins.
- Eiginfjárhlutfall Skipta hf. er 39,5%.

Helstu atburðir á öðrum ársfjórðungi

- Síminn, stærsta dótturfélag samstæðunnar, hélt áfram uppbyggingu á langdrægu GSM kerfi og hóf uppbyggingu á langdrægu 3G kerfi sem mun gefa notendum kost á öflugum háhraðasambandi um allt land og á miðunum í kringum Ísland. 3G þjónusta Símans nær nú til um 80% landsmanna. Sjónvarp Símans er í mikilli sókn en í júní náði félagið þeim áfanga að vera með 40 þúsund viðskiptavinum sem eru með sjónvarp yfir ADSL tengingu.
- Erlend starfsemi Skipta gekk vel á tímabilinu. Upplýsingatæknifyrirtækið Sirius IT skilar góðri afkomu og treysti enn verkefnastöðu sína á fjórðungnum. Fyrirtækið samdi meðal annars við norsku Vinnuálastofnunina um þróun og viðhald á kjarnakerfi stofnunarinnar. Áætlað verðmæti samningsins er liðlega 200 milljónar norskra króna eða um þrjú milljarðar íslenskra króna.
- Skipti hafa tekið yfir hluti í tveimur öflugum fjarskiptafélögum í Tékklandi af Exista hf. Með því hafa öll félög í eigu Exista á sviði fjarskipta og upplýsingatækni verið sameinuð. Hlutturinn sem um ræðir jafngildir 8,25% hlut í eignarhaldsfélagi sem á annars vegar 39% hlut í T-Mobile Czech Republic (TMCZ) og hins vegar 100% í Ceske Radiokomunikace (CRa). TMCZ er leiðandi í farsímaþjónustu í Tékklandi með liðlega 40% markaðshlutdeild en félagið er 61% í eigu T-Mobile (Deutsche Telecom). CRa er leiðandi fyrirtæki á sviði endurvarps og fastlínu í Tékklandi. Rekstur þessara fyrirtækja hefur gengið mjög vel undanfarin ár. Eignirnar falla vel að kjarnastarfsemi og fjárfestingarstefnu Skipta.

- Hinn 19. mars sl. tilkynnti Exista um valfrjálst tilboð í allt hlutfé Skipta hf. Tilboðið hljóðaði upp á 6,64 krónur á hlut og var greitt með nýjum hlutum í Exista. Tilboðstímabil stóð frá 27. mars til 26. maí og hafði Exista eignast 99,22% hlutfjár við lok tilboðstímabils. Í kjölfar þess og afskráningar Skipta voru útistandandi hlutir innkallaðir og er Skipti nú 100% í eigu Exista.

Brynjólfur Bjarnason, forstjóri Skipta hf.

“Afkoman af reglulegri starfsemi Skipta á tímabilinu er ágæt og fyrirtækin eru að ná góðum árangri í rekstri við mjög krefjandi ytri aðstæður. Gengisþróun íslensku krónunnar var óhagstæð á tímabilinu og skýrir tap félagsins, þrátt fyrir gengisvarnir. Skipti halda áfram að vaxa og hlutirnir í fjarskiptafélögunum tveimur í Tékklandi falla vel að stefnu og starfsemi Skipta. Bæði félögin eru vel rekin og skila góðri afkomu. Við höfum sett okkur þau markmið að vöxtur Skipta eigi sér aðallega stað utan Íslands og í samræmi við þau markmið tókum við nú yfir hlutina í félögunum í Tékklandi. Fjárhagsstaða Skipta er sterk og rekstur dótturfélaganna gengur vel. Félagið er því í ágætri stöðu til að takast á við þau spennandi verkefni sem framundan eru.“

Niðurstaða í rekstri fyrstu sex mánuði ársins 2008

Reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðir eru þær sömu og beitt var við gerð ársreiknings 31. desember 2007. Stjórn Skipta hf. hefur samþykkt árshlutareikninginn fyrir fyrstu sex mánuði ársins 2008.

Rekstur

Salan á fyrri helmingi árs 2008 nam 18.846 m.kr. samanborið við 15.514 m.kr. á sama tímabili árið áður, sem er 21% aukning. Þessi aukning skýrist einkum af innkomu dönsku fjarskiptafélaganna í samstæðuna auk þess sem ágætur innri vöxtur er hjá félaginu milli ára.

Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði og skatta (EBIT) nam 2.223 m.kr. sem er lækkun um 4% á milli ára.

Rekstrarhagnaður samstæðunnar fyrir afskriftir (EBITDA) var 4.060 m.kr. miðað við 4.317 m.kr. á sama tímabili árið áður. EBITDA hlutfallið er nú 21,3% samanborið við 27,5% árið áður. Skipti hafa á undanförunum misserum keypt fyrirtæki í upplýsingatæknigeiranum en sá markaður skilar að jafnaði lægra EBITDA hlutfalli en fyrirtæki í fjarskiptageiranum. Á það ber hins vegar að líta að fjárfestingar eru að jafnaði minni í upplýsingatæknigeiranum. Þá eiga fjarskiptafélög Skipta erlendis ekki fjarskiptanetin sem þau reka þjónustu sína á og eru því með lægri EBITDA hlutfall en þau fjarskiptafélög sem eiga og reka sín eigin fjarskiptanet.

Afskriftir félagsins námu 1.837 m.kr. á árinu samanborið við 2.001 m.kr. fyrir sama tímabil 2007.

Tap samstæðunnar eftir skatta nam 3.989 m.kr. samanborið við 2.445 m.kr. hagnað á sama tímabili 2007. Tapið nú skýrist einkum af gengisþróun íslensku krónunnar á tímabilinu.

Sjóðstreymi

Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta var 7.934 m.kr. yfir tímabilið en var 4.330 m.kr. fyrir sama tímabil árið 2007.

Fjárfestingar samstæðunnar í varanlegum rekstrarfjármunum (CAPEX) námu 1.814 m.kr. á tímabilinu en námu 2.052 m.kr. fyrir sama tímabil 2007.

Efnahagur

Heildareignir samstæðunnar námu 120.162 m.kr. 30. júní 2008 og jukust eignir um 23% á árinu eða um 22.521 m.kr.

Eigið fé félagsins nam 47.406 m.kr. í lok fyrri árshefmings 2008 og eiginfjárlutfall var 39,5%.

Staða og horfur

3G væðing **Símans** er á fullu skriði. 3G þjónusta Símanans nær nú til um 80% landsmanna og gera áætlanir ráð fyrir að á þessu ári muni þjónustan verða aðgengileg á 23 þéttbýlisstöðum um land allt. Síminn vinnur einnig að uppsetningu á langdrægum 3G sendum sem munu þegar fram líða stundir ná til stærra landsvæðis en hefðbundið 2G þjónustusvæði nær til í dag. Stærra þjónustusvæði er þó ekki mesti ávinningur viðskiptavina heldur þeir möguleikar sem þeim mun standa til boða í nýju háhraða farsímaneti. Það hefur alltaf verið skýr stefna hjá Símanum að kerfisuppbygging standi undir framtíðarþörf markaðar til fjarskiptaþjónustu og 3G er næsta skref í slíkri uppbyggingu sem arftaki þeirrar farsímaþjónustu sem við best þekkjum í dag. Sjónvarp Símanans er í mikilli sókn en í júní náði félagið þeim áfanga að vera með 40 þúsund viðskiptavinum sem eru með sjónvarp yfir ADSL tengingu.

Að undangengnu útboði sömdu Farice hf. og **Míla** ehf. um fjarskiptaþjónustu til tíu ára á fyrsta ársfjórðungi. Samningurinn felur í sér að Míla veitir fjarskiptaþjónustu til Farice, vegna uppbyggingar Farice á nýja sæstrengnum Danice og stækkana sambanda á FARICE-1 sæstrengnum. Þessi samningur mun gera það að verkum að Míla mun margfalda þá flutningsgetu sem fyrirtækið hafði fyrir og gefa íslenskum fjarskiptafélögum tækifæri á að stækka sín sambönd og þá um leið efla þjónustuna við sína viðskiptavinum. Míla hefur að undanförmu gert samstarfssamninga við verktakafyrirtæki á Akureyri, Egilsstöðum og Ísafirði. Samningarnir eru liður í því að straumlínulaga starfsemina og vinna með verktökum á hverjum stað.

Skipti hafa tekið yfir hluti í tveimur öflugum fjarskiptafélögum í Tékklandi af Exista hf. Með því hafa öll félög í eigu Exista á sviði fjarskipta og upplýsingatækni verið sameinuð. Hluturinn sem

um ræðir jafngildir 8,25% hlut í eignarhaldsfélagi sem á annars vegar 39% hlut í T-Mobile Czech Republic (TMCZ) og hins vegar 100% í Ceske Radiokomunikace (CRa). TMCZ er leiðandi í farsímapjónustu í Tékklandi með liðlega 40% markaðshlutdeild en félagið er 61% í eigu T-Mobile (Deutsche Telecom). CRa er leiðandi fyrirtæki á sviði endurvarps og fastlínu í Tékklandi. Rekstur þessara fyrirtækja hefur gengið mjög vel og vöxtur þeirra hefur verið hraður undanfarin ár. Eignirnar falla vel að kjarnastarfsemi og fjárfestingarstefnu Skipta.

Á fyrsta ársfjórðungi var tilkynnt um rammisamning á milli **Skjásins** og SagaFilm sem tryggði Skjánum betri rekstur og góða framleiðslu á innlendu dagskrárefni fyrir SkjáEinn. Samdráttur á auglýsingamarkaði og veiking íslensku krónunnar hafði áhrif á rekstur Skjásins á fyrri hluta ársins. Vikulega horfðu á bilinu 75-85% Íslendinga á aldrinum 12-80 á SkjáEinn. Markaðshlutdeild SkjásEins mæld í birtum auglýsingasekúndum var nálægt 40% á öðrum ársfjórðungi. Notkun á SkjárBíói og fjöldi áskrifenda að SkjárHeimi var meiri en áætlanir gerðu ráð fyrir á tímabilinu og vegur það upp á móti samdrætti á auglýsingamarkaði.

Já gaf út Símaskrána 2008 í lok maí með nýstárlegu sniði, en hún var unnin í samstarfi við rithöfundinn Hugleik Dagsson þetta árið sem birti nýja sögu sína "Garðarshólma" inni í Símaskránni. Vinsældir vefmiðilsins Já.is héldu áfram að aukast á öðrum ársfjórðungi, vikulegum innlitum á vefinn hefur fjölgað að meðaltali um 23% frá fyrra ári og einstökum notendum um 17% að meðaltali frá fyrra ári.

On-Waves, dótturfélag Símans, sérhæfir sig í að bjóða farsímalausnir um borð í skemmtiferðaskipum og ferjum, ásamt fraktskipum. Félagið undirritaði á fyrsta ársfjórðungi samning við MSC Cruises um GSM þjónustu um borð í skemmtiferðaskipum félagsins. Um er að ræða samning fyrir átta skemmtiferðaskip. Með þessum samningi stækkar markaðssvæði On-Waves umtalsvert, eða úr um 55 þúsund farþegum og áhafnarmeðlimum í um 88 þúsund farþega og áhafnarmeðlimi.

Fyrirtæki Símans í Danmörku; Business Phone og Ventelo voru sameinuð í byrjun mars undir nýju nafni - **Síminn Danmark A/S**. Markmið sameiningarinnar var að nýta betur styrk beggja fyrirtækja og ná fram samlegðaráhrifum félaga í líkum rekstri. Í dag starfa 65 manns hjá fyrirtækinu sem býður alhliða fjarskiptapjónustu til lítilla og meðalstórra fyrirtækja í Danmörku. Yfir 6.000 fyrirtæki eru í viðskiptum við Símann Danmark með um 50.000 notendum.

Rekstur upplýsingatæknifélagsins **Sirius IT** gekk mjög vel á fyrri hluta ársins. Verkefnastaðan var góð og framlegð nær tvöfaldaðist á milli ára. Reksturinn gekk mjög vel í Danmörku en mest munar um þá hagræðingu sem gerð var í Noregi og Svíþjóð á síðasta ári sem hefur skilað sér í mun betri rekstrarárangri. Almennt má segja að horfur í rekstri Sirius IT séu mjög góðar en félagið styrkti enn verkefnastöðu sína á öðrum ársfjórðungi. Fyrirtækið samdi meðal annars við norsku Vinnuálastofnunina um þróun og viðhald á upplýsingakerfinu Arena, sem er kjarnakerfi stofnunarinnar. Áætlað verðmæti samningsins er liðlega 200 milljónar norskra króna eða um þrjú milljarðar íslenskra króna. Samningurinn nær til næstu fjögurra ára, með möguleika á eins árs framlengingu.

Hinn 19. mars sl. tilkynnti Exista um valfrjálst tilboð í allt hlutafé Skipta hf. Tilboðið hljóðaði upp á 6,64 krónur á hlut og var greitt með nýjum hlutum í Exista. Tilboðstímabil stóð frá 27. mars til 26. maí og hafði Exista eignast 99,22% hlutafjár við lok tilboðstímabils. Í kjölfar þess og afskráningar Skipta voru útistandandi hlutir innkallaðir og er nú Skipti 100% í eigu Exista.

Á fyrri hluta ársins var gefið út nýtt hlutafé í Skiptum sem nemur 2.776.226.693 hlutum.

Nokkur óvissa ríkir um stöðu efnahagsmála á Íslandi, stærsta markaði Skipta, næstu mánuði og misseri. Búast má við almennt minnkandi eftirspurn og hafa Skipti hf. og dótturfélög brugðist við þeim aðstæðum með ýmsum aðgerðum sem allar miða að því ná fram enn betri rekstri félaganna. Stefna hvers félags er skýr og vel skilgreind.

Nánari upplýsingar um samstæðuuppgjörið veita:

Brynjólfur Bjarnason, forstjóri, sími 550-6003.

Pétur P. Óskarsson, framkvæmdastjóri Samskiptasviðs, sími 863-6075.

Um Skipti hf.

Skipti hf. er eignarhaldsfélag um rekstur fyrirtækja á sviði fjarskipta, upplýsingatækni og afþreyingar. Innan samstæðunnar eru Síminn, Míla, Já, Skjárinn, Sensa, Tæknivörur, On-Waves og Radiomiðun. Erlend dótturfélög eru fjarskiptafélögin Aerofone í Bretlandi og Síminn Danmark í Danmörku, og upplýsingatæknifyrirtækið Sirius IT sem er með starfsemi í Noregi, í Svíþjóð og Danmörku.